A hverjum bát var einliver hásetanna „kokkur“; hann hit-aði kaffið, sauð fisk einstökum sinnum og eldaði graut með kjöti á hverju kvöldi. Hver maður átti sinn mjölkil hangandi í búðinni. Matsveinninn tók svo einn mjölhnefa úr hverri skjóðu dag-lega til kvöldgrautarins. Kjöt sauð hver maður daglega eftir eigin vild, og merkti stykki sitt með digrum trénagla, sem kallaður var „skola“. Pannig þekti kokkurinn hvað hver átti, er kjötið kom soðið úr pottinum.

Bátarnir, sem róið var, voru flestir stór fiögra manna för, sem báru frá eitt til hálft annað tonn til að vera vel færir; þeir stærstu ef til vill nokkuð meira. Allir höfðu þeir eitt stórt hversegl, sem kallað var „skektusegl“; var það um ½ haerra á afturjaðar en forjaðar,

jafri
Í forkanti þess var járnkrókur, sem krækt var í járnlykkju utan á saxinu að faman. Lykkjurnar vóru þrjár hvoru megin. Skautið var svo fært fram og aftur eftir saxinu, eftir því hvæ mikið var beitt á. Í afturskautinu var hæfilega gildur kaðall. Hann var dreginn undir röng aftarlega í skut. Var það haft laust að öðru en því, að stýrimaðurinn hélt því með þeirri hendinni, sem hann hafði ekki á sveifinni; með öðrum fæti spryrnti hann við því að rönginni, gaf svo eftir eður dró inn, eftir því sem við þótti eiga. Þannig mátti svo að orði kveða, að margir þeir snillingar stýrðu bæði með segli og stýri. — Á sumum bátum var lika dálitið gaffalsegl aftur í, kallað aftur-segl. Þótti það bæta töku og auka gang í beitivindi. Undir seglum þessum fengu margir þessara sníklar báta ótrúlega mikið hlaup. Dæmi vóru til þess, að þeir fóru um 8 milur á vökunni eða meira. Til sönnunar því er það, að einu sinni var stórr skektu sigt með svona bversegli í bráða sunnanleiði frá Siglunesi, ycta bæ á Barðaströnd, vestur að Látrum a klst., en það eru sem næst 28 sjómilur. En það var meðstreymt.

Jafnan vóru sex menn á hverjum bát, og þótti oft ekki af veita, er langt var sótt og andróður heim, sem oft kom fyrir, í snördum austan og norðan vindum út flóann. Einstóku sinnum vóru fiðir menn á minni bátum, helst framan af vertíðinni.

Veiðarfæri þau, sem notuð vóru, vóru svo nefndar haukalóðir*) og halfæri. Þinullinn á lóðum bessum var úr fjögrundalínu, brír faðmar vóru hafðir á milli öngla. Tuttugu önglar urðu bá á sextugri línu. Þriár slíkar línar fylodu oftast hverium bát, sialdan meira. Þriú eður fiögur halfæri munu hafa fylgt hverium bát. Á lóðir bessar var beitt borski og ýsu, munnafögum, lifur og gotu úr sprökum. Best þótti smáýsa til beitu, næst nýum silungi, sem sialdan var völ á. Fuglakið þótti líka ágæt beita, en bað var fremur notað, sem haldfærabeita, og torskengið að haustlinu. Haldfærin sem notuð vóru, vóru sextugar línar, oftast briggia puna, lóðin, sem bar vóru kallaðar „sókkur“, vóru höfð sem allra

*) Það sem Breiðfirðingar kalla haukalóðir nefna sunn-lendingar skötulóðir, en Ísfirð sprökusnæri.

léttust, svo að færið gæti borið sem allra lengst með straum. Haldfæraönglarnir vóru hafðir mun stærri en haukalóðarönglar, oftast íslenskir. Er þeim var rennt, vóru þeir beittir með mörgum smáum beitum, alþrá oddi að ávafi. Fiskilegast þótti, að fleiri en ein beitutegund væri á önglunum, t. d. ýsa og fuglakjöt, sín talan af hvoru á víxl, var það kallað að beita tannfyrðing. Gott þótti að beita spróku-hjarta á oddinn.

Er góð sjóveður vóru, var oftast róið fyrir og um dægramót, var þó nokkuð farið eftir straum- og sjávarföllum. Er til miðs var komið, var fyrst lögð lóðin, var svo farið nokkurn spöl frá því duflinu, sem síðar var sleppt og lagst þar við akkeris-dreka. Formaður og hinn austurrúmsmaðurinn reindu þá sínu færinu hvor. Væri þá upptaka falls, var tekið lítið sem ekkert grunnmál. Eftir stundarkorn var aftur rennt í botn, og svo hvað af hverju svo lengi sem færið bar út. Er fallið var vel hálfnad linaði straumurinn, og sökkunni sló í botn, var þá tekið alllangt grunnmál, var það nefndur stans, eða að stansaði. Síðan bar færið heim, smátt og smátt, þar til að það stóð beint niður. Þá var liggjandi, flágðs eður fjöru. Ýrði flyðru vart um útburð, var afli talinn viss um heimburð. Um liggjanda var svo létt úr legunni, lóðin dregin og færð á annan stað, lagst svo aftur sem fyrir. Þetta vóru nefndur kóst. Sjaldan voru lögð fleiri en tvö kóst fyrir daginn.

Nefnd vóru lóðasár, bar sem lóð hafði verið lögð, eður legið í legu, og þótti ekki fengvænlegt að leggja þar aftur né liggja í legu fyrir í fyrsta lagi á næsta stórstraum, því þá bjuggust menn við nýri göngu.

Einkum var sóttst eftir heilagfiski, og skötu. Porsklóðir vóru ekki notaðar á Skermiðum, nema helst Brekkudjúp fyrir ýsu síðanhluta vertíðar, bó ekki árlega, en reynt var að fá þorsk og ýsu á haldfæri til beitu fyrir spróku, bæði á lóðir og haldfæri í legu.

Allgóður afli þótti fengið hundrað sprökur breytandi eða meira á bát yfir vertíðina (áður meira), og nokkuð af fullorðinni skötu að auki. Hundrað og fimmtíu sprökur á bát þótti af braðs afli. Breytandi vóru þær sprökur kallaðar, sem teknar vóru af átta limir, sem kallað var, n. l. fiögur flök, tvö rafabelti og tvær höfuðkinnar — vangar. — Kom þá einn limur í hlut, ef skipt var í átta staði.

Voru það sex manna hlutir, báts-hlutur og veiðarfæralslutfur.

Bæði í Bjarneyjum og Oddbjarnarskeri vóru þessar breytandi sprökur gerðar þannig til, að fyrst var rist fyrir beltunum hvita megin, var þá allþykkur vöðvi láttinn fylgja hnakkabeltinu, svo langt aftur, að nam broddinum á eyrugganum, var það kallaður hnakki. Var svo ristur skurður þar þvert yfir, um eyruggabroddinn belta á milli. Þaðan langskurður eftir miðju aftur að strabba, þar vóru tekin tvö flök. Á sama hátt var rist fyrir svarta megin. Fyrir kviðbeltinu var rist framundir kverk, svo sneið framan af kviðnum fylgdi því beltinu. Framan af kviðnum, næst beltinu, var skorin sneið langs í gegn, var hún nefnd „vaðhorn“. Það var kverkin. Sneiðin náði aftur að flökunum. Sá, sem dró sprókuna átti vaðhornið og sporðinn fram að beltum, var það nefndur „ábati“; kæmi sprakan á lóð, fylgdi ábatinn veiðarfærahlutnum.

Sprókufla var jafnan skift eftir hvern róður, sömuleiðis öðrum afla ef ~~hökkuð~~ var, ~~hökkuð~~ skötu, hún var látin biða. Var þá fyrst skipt í fjóra staði, vóru það nefnd ~~læsi~~. Sprókuflum var skipt þannig í köstlin, að i kast var látið svart hnakkaflak og kviðbelti; svart kviðflak og hnakkabelti; hvitt hnakkaflak og hvítur vangi, og loks hvitt kviðflak og svartur vangi. Hvor vangi var tekinn aftur að flökum, samkv. áður sögðu. Þannig þóttu skiptin verða jöfnust. Var svo stungið á köstunum í hluti, svo herti hvor sinn hlut.

Öll flök vóru rist eða flött og hvert í rikling, nema stundum hin stærstu og feitustu, sömuleiðis öll stór og feit rafabelti. Pótti það hin dýrasta og besta vara, enda dýrari en ~~altann~~ annað fiskifang. Sex fjórðungar riklings vóru taldir gildara vættarvirði, en fjórir fjórðungar vel harðra rafabelta. Vangar, smábelti, spíldingar — hryggir — og ábalar vóru oft kallaðir „beimlimir“, vóru þeir jafnan étnir nýir, signir eður saltaðir. Skata var kösud fyrst og svo söltuð.

*) Er lokið var skiftum sneri einhver skipverja sér frá, en annar benti á hvert kast, eða hlut og segir: „Hver skal þar?“ Hinn tilnefnið einhvern skipverja, eða bát, t. d.: „Par skal Jón“, eða „þar skal báturinn“ o. s. frv. Þetta var kallað að stinga á,

Ef
Væri um þorsk að ræða, eða
ýsu, var því skift eftir hvern
róður. Porskurinn var hnakkaf
flattur og hertur á rám í hjöllum,
en ýsa oftast höfð til soðs
ný eður sigrin.

Á áribili því, er hér um ræðir
— 1875—1900 — munu 8—12
bátar hafa gengið í Skeri árlega
að haustinu. Flestir voru þeir
haustin 1881 og 1882. Þá gengu
þaðan 14 bátar um nokkurn
tíma. Tvær skipshafnir lágu þá
við tjöld. Voru þá um 80 ver-
menn í Skeri; voru það flest all-
menn á léttasta skeiði, frá 18
ára aldri til fertugs, og fáeinir
rökvar stúlkur á sama aldri, og
svo nokkrir æruverðir öldungar,
frá fertugu til fimmtugs eða
eldri.

Samkvæmt áður sögðu, var þá
allþéttbýlt á þessu litla landi, því
þá hefir einn maður komið á
hverja 100 fermetra að meðal-
tali hér um bil. Þó hefir verið
þéttskipaðra 1703, því þá telur
A. M. að 167 vermenn hafi verið
í Skeri, og nokkrar þjónustur
að auki.

Oft var glatt á hjalla hjá Sker-
piltum ekki síði í landlegum,
sem að likindum lætur. Margir
hagryðingar voru þá meðal
þeirra, sem létu stundum fjúka í
kvíðlingum; þar á meðal Hall-
björn B. Bergmann, sem var
manna fyndnastur og hagorður
prýðilega, en þótti stundum all-
bersogull.

Yt á Skerínu er dálítil slétt
grind, sem kallast „Fit“; hún var
höfð að leikvelli.

Sjálfsgagt þótti að glima um
sýslu á hverju hausti. Fór kapp-
leikur sá ætið fram á Fitinni.
Keppendur voru þeir einir, sem
reru í fyrsta sinni í Skeri*). Lög
mæltu svo fyrir, að sá skyldi
hljóta sýslumannstignina, sem
mestur reyndist amlóðinn og
engan nýliðann gat lagt í tveimur
glimum af þemur.

Lika þektist að þreyta ýmsa
aðra útileika, svo sem að fara í
ofanreið, skjaldborg, höfrunga-
hlaup, og að sækja smjör í
strokk og fleira. Leilar þessir
voru ætið þreyttir á Fitinni.

Oft voru lesnar sögur, og þó
einkum kveðnar rímur að kvöld-
inu í sumum búðum, er land-
legur voru. Völdust ætið til þess
bestu kvæðamennirnir. Var þá
jafnan húsfulli af tilheyrendum,
eins og þá kirkja er þeit sótt á
hátiðum. Í flestum búðum voru
lesnir kvöldlestrar, og sunginn

) Leikur sá, að glima um
sýslu, þektist raunar í flestum
öðrum veðlistöðum, að miðst
kosti á Vestfjörðum.

sálmur fyrir og eftir, er liðnar
vóru veturnætur, eins og þá var
alsiða á hverju sveitaheimili.


Á þeim árum var ekkert vin-
bann á landi hér, enda gerðu
sumir Skersarar sér stundum
dagamun í landlegum og glöddu sig á góðri stund á
vintári með kunningum sinum.
Almennur drykkjuskapur átti
sér þó ekki stað, né kom nokkurn
tíma að gjaldi í sjóferðum,
sem þó voru oft og tiðum all-
djarflegar. Það, sem hér hefir
verið sagt af vermannalifi í
Oddbjarnarskeri á síðari hluta
19. aldar á, að flestu leyti, lika
við um Bjarneyjar, Sigrunes og,
ef til vill, um fleiri veiðistöðvar
við Breiðafjörð á sama tíma.

Að lokum skal sagt hér frá
einni sjóferð Snæbjarnar Krist-
jánssonar haustið 1883.

Haustið 1883 gengu 12 bátar
úr Oddbjarnarskeri. Voru þar
þá margir dugandi formenn.
Meðal þeirra var Jón nokkur
Jónsson úr Hergilsey, að auk-
nefni Sauðeyingur. Var hann
hinn kappsamasti sjósóknari, og
það svo, að tiðum þótti við of;
hann var og bráðheppinn afla-
maður. Hann fór síðar til Amer-
íku. Annar atkvæðamesti for-
maðurinn var var þá Snæbjörn
hreppstjóri Kristjánsson, þá frá
Svefneyjum. Hjá honum þótti
fara saman kapp með forsjá,
sem og flestir aðrir sjómanns-
hæfileikar, svo að orð var á
gert. Priðji formaðurinn, sem
kemur við sögu þessa var Krist-
ján Jónsson frá Hergilsey, faðir
Snæbjarnar, og hinn fjórði var
Sigurður Ólafsson frá Hölsbúð i
Flatey, nafntogaður formaður á
Hellissandi um fjörutiu vetur
og vor. Hinir átta Skersfor-
mennirnir koma ekki við sögu
þessa.

A nefndu hausti, laugardags-
morgun einn skömmu eftir veturnætur,
að vestan hryðju veður var á og ekki gott útlit, og
allmikill sjór. Þá um dægramót-
in fréttu menn, að Jón Sauðey-
ingur væri að fara á sjóinn og
svo Snæbjörn; sagt var, að þeir
ætlaði suður í Bjarneyjar-ál.
Þangað eru sennilega um 9 sjó-
milur, en voru raunar taldar
fjórar vikur sjávar. Um full-
birtuleyt kemur Sigurður Ól-
afsson inn í búð sina og segir:

„Fyrst eg segi það, eg skal á
þyrgjast“ — það var orðtak-
hans — „fyrst Snæbjörn eltir
Jón Sauðeying, má eg elta Krist-
ján. Hann er róinn. Farið þið að
fara í, drengir.“ Jón og Snæ-
björn reru nokkuru fyrir flóð,
en Kristján er lítið eltíð var brost-
ið. Er þeir Sigurður og menn



Vadsteinabjargið í Hergilsey. Það er stuðlabergsbjarg er rís þver-
hnípt og formfagurt úr sjó. Er þess að nokkuru getið í Gisla sögu
Súrssonar.

hans komu til skips fylti hjá
Kristjáni skamli frá Früsselum.
Hann sneri þá aftur, og ekkert
varð af róðri hjá neinum um
sinn. Veður fór heldur hægj-
andi, svo að allir réru um hálf-
fallinn sjó, til eins kasts, suður á
svonefnar „brúnir“ suður af
Skerinu. Er langt var liðið á
vesturfallið segir Sigurður:
„Við skulum taka lóðina, dreng-
ir. Við verðum að ná heim um
fjöruna og sækja okkur vatn
áður en fellur í laugina.“ Petta
var gert, enda komu allir að um
fjöruleytíð.

Með aðfallinu gekk vindur allt
í einu í austur og hvesti með all-
miklu kafaldi. Er nokkuð er
fallið að, kemur Jón Sauðeying-
ur siglandi; var þá lítið eitt byrj-
að að dimma, en Snæbjörn kom
ekki. Kvöldið leið, vindur og
kafald fór heldur vaxandi. Snæ-
björn kom ekki. Jón sagðist svo
frá, að þegar hann hafi sigt úr
Álnum, hafi mönnum sínum
sýnst Snæbjörn leggja frá niðri-
stöð.

Nóttin leið. Ekki kom Snæ-
björn. Þá fór mönnum í Skerínu
ekki að standa á sama. Kristján
faðir hans bar sjáanlega harm í
huga þótt hann talaði fátt. Á
sunnudaginn var norðan bál-
garður. Þó kom bátur úr Flatey
út í Sker. Ekki hafði Snæbjörn
komið þar og ekki kom hann
þann dag í Sker. Næstu nótt, að-
faranótt mánudags, hél Krist-
ján einn til í búð Snæbjarnar
sonar síns. Sumir gátu þess til,
að hann hefði viljað vita, hvort
hann yrði nokkurs var.

Á manudagsmorguninn voru
menn árla á fótum; var þá komi-
ði gott sjóveður, og allir bjuggu
sig í róður, en með birtingunni
sást bátur koma siglandi heiman
úr Sauðeyum. Það var Snæ-
björn. Er Snæbjörn lentl, var
Sigurður Ólafsson að setja til
sjávar. Einn háseta hans hefur
Snæbjörn fagnandi. Snæbjörn

segir: „Eg bjóst nú tæpast við í
fyrrakvöld, að eg myndi heilsa
þér hérra á sandinum núna,
karl minn.“ Hinn segir: „Eg er
nú að fara á sjóinn. I kvöld kem
eg til þín í búðina og fæ mér
fréttir.“

Um kvöldið, er lokið var
fjöruverkum, fór þessi um-
ræddi kunningi Snæbjarnar að
finna hann og drengi hans og
sprýja tíðinda.

Þeim sagðist svo frá: Við
fyrstu austurfalls upptöku voru
þeir báðir að draga lóð sina, Jón
og Snæbjörn. Þegar Snæbjörn
var nærrí kominn að niðristöðu,
segir einn af hásetum hans:
„Nú leggur Jón frá niðristöðu.“
„Þá leggjum við lika frá niðri-
stöðu,“ segir Snæbjörn, „ekki
fer eg á undan Jóni.“ Petta var
gert. En er þeir hófðu lagt lóð-
ina, sigldi Jón. Fallið hagnaði
svo þeir Snæbjörn náðu ekki
lóðinni fyrr en strauminn linaði.
Duflin hafa likast til sokkið.
Peir vildu ekki yfirgefa lóðírnar.
Vindur fór vaxandl, og tók að
dimma bæði af kafaldi og nóttu.
Peir vissu, að veður var gengið
til austurs, því straumur lá undir
vind. Er linaði straum náðu
þeir lóðinni. Var svo undið upp
segl og sigt norður. Er þeir
hófðu sigt nær klukkustund
hófðu þeir landkenningu af
lágu skeri, þá feldu þeir segl og
athuguðu skerið og þektu, að
það voru svo nefnd Oddleifssker.
Þau eru hálfa viku sjávar
austur af Oddbjarnarskeri og
liggja undir Flatey. Snæbjörn
segir þá við menn sina: „Hvað
sýnist ykkur nú ráð, drengir?“

Þeir báðu hann fyrir sjá. Hann
segir: „Eg þori ekki að lensa út-
eftir, er ekki viss um að hitta
sundið. Við skulum heldur reyna
að sigla vestur, ef verða mætti
að við kæmumst í hlé við Sauð-
eyjar, eður þá í ~~hauðstíflum~~, að
sigla upp á Barðaströnd. Eg
vena, að eg sé nú nokkurn veg.“

— praut

inn viss um stefnuna.“ Pessu ráði var hlitt, og sigt vestur. Er þeir höfðu sigt um stund gerðist sjór svo úfinn, að Snæbjörn gat engan veg varið báttinn, sagði hann, að hann hefði búið við, að hann gengi undir i hverri báru. Hann segir þá: „Nú erum við á Þórumum¹⁾ út af „Skjaldmeyjareyjum“. Hann léti þá ryðja sjö fullorðnum skötum og nokkuru af öðrum fiski. Lét svo einn manna sinna vera fram á, til að vita, hvort hann yrði var við brot. Skömmu síðar kallar stafnbúinn: „Nú grenjar boði hér á kulborða.“ „Það er ágætt,“ segir Snæbjörn, „það er Loftsboði; við erum á góðri leið.“ Eftir stundarkorn hafa þeir enn landkenningu og þeklu, að það var svo nefnd Skarfey, yst í Sauðeyjalöndum. Var þá liðinn hálfur annar tímí frá því að þeir undu upp segl i Bjarneyjaál, en vegalengd sú mun vera sem næst 16 sjómilum. Er þá felt segl og tekið til ára. Náðu þeir lendingu í svo nefndum Eldhúsvogi, yst á Sauðey eftir hálfar annarar klst. barning. Vegalengdin, sem þeir reru, mun vera tæp hálf vika sjávar (en hálfan annan klst. voru þeir að komast þann spöl).

Í Sauðeyjum bjó þá Árni Jónsson yfir Snæbjarnar, drengur hinn besti og höfðingi heim að sækja, enda skorti ekkert á bestu viðtökur og aðhlynningu. Á sunnudaginn sátu húsráðandi og gestir hans að sumbli og öðrum fagnaði og mintust fyrri svaðilfara og mannauna. Árni hessi var bróðir Jóns Sauðeyings.

Nú er löngu hætt að róa í Oddbjarnarskeri. Endurminningin ein varir enn sem hálfgleymdur draumur í hugum einstöku gamalmenna, sem þektu sjómannahlið þar af eigin raun, og höfðu kynst þar mörgum dugandi sægarpi, og fjöldu kátra og tápmikilla félagsbraðra.

Heill og heiður sé minningu Oddbjarnarskers.

— Mamma, eg get ekki þrætt þessa nál.

— Hvers vegna, góða míni?

— Í hvert skifti, sem þráðurinn nálgast augað, lokar hún því.

Smiðurinn: — Jæja, Villi, ertu búinn að hvessa öll verkfærin?

Lærlingurinn: — Já, öll nema sögina. Hún var svo ansi skörðott. —

1) Þarar eru grunnsevísflálar um 10–16 m. dýpi.

„**M**EÐ HVORUM er samúð Mexikó-manna?“ er eftir William H. Lander, fréttastjóra United Press í Mexikó. — Leiðir hann rök að því, hvernig samúð Mexikóbúa skiftist milli Bandamanna og Þjóðverja í styrjöldinni, sem nú stendur yfir, og gerir jafnframt grein fyrir ástæðum hverra aðila fyrir sig.

FRÁ STRÍÐINU:

Með hvorum er samúð Mexikómanna?

SAMÚÐ Mexikóbúa með ófriðarþjóðunum í Evrópu er mjög skift. Það er fremur erfitt að dæma um það með nokkuri vissu, hvort Þjóðverjar eða Vesturveldin eigi samúð meirihlutans.

Þetta var öðruvísi 1914–18. Venustanio Carranza, herhöfðingi, sem sat að völdum mestan hluta styrjaldartímans þá, var vinur Þjóðverja og sama var að segja um flesta opinbera embættismenn. Óhætt er vist einnig að fullyrða, að flestir þeirra, sem mynduðu sér einhverja skoðun á málunum, fylgdu Þjóðverjum að málum. Auðvit að voru allmargir embættismenn fylgjandi Bandamönnum og sumir þeirra sögðu af sér, vegna þess, að þeir gátu ekki fallist á utanrikisstefnu Carranzas.

Það er erfðara nú að dæma um það, hvorum meiri hlutinn er fylgjandi. Sumir segja að

flestir sé hlyntir Bandamönnum, en aðrir að samúðin með Þjóðverjum sé raunverulega mun meiri en menn gruni. Einn maður hefir sagt við mig: Priðjungur landsmanna hefir enga skoðun í málunum, priðjungur er með Bandamönnum og priðjungur með Þjóðverjum. Þetta álit manna ætti að sýna, að hvorugur styrjaldaraðila hefir yfirgæfandi meirihluta.

Þjóðverjar standa á gömlum merg.

PÍÐVERJAR hafa lengi átt nikla samúð Mexikómanna. Þýsku innflyttjendurnir — ríkir sem fátækir — hafa jafnan getað samlikt sig umhverfinu. — Margir þeirra hafa kvongast mexikónskum konum, og þeir hafa ekki litid á sig sem æðri menn en landsbúa. Auk þess dást Mexikóbúar að dugnaði og nákvæmni Þjóðverja og hinum vel æfða og agaða her þeirra.

Margir þeirra, sem voru hlyntir Þjóðverjum 1914–18, urðu það ósjálfrátt, vegna hinnar miklu aðdáunar, sem sjóliðasveit ein þýsk vakti á sér á aldarafmæli lýðveldisins 1910. Kom hún til Mexikoborgar í heiðursskyni við lýðveldið.

— Meðan borgarastyrjöldin spænska geisaði var stjórnin mexikanska hlynt Madrid-stjórninni, en flestir hinna

„flibbaklæddu“ fylgdu Franco. Sá tímí var því góður til þýks undirröðurs í Mexiko, því að Hitler var annar aðalstuðningsmaður Francos. Það er t. d. talið mikilvægt tímanna tákna, að eina uppþotíð gegn Gyðingum, sem orðið hefir í Mexikoborg, varð þegar Þjóðernissinnar héldu upp á fall Barcelona í janúar 1939.

Þýsku landnemarnir í Mexiko eru áhrifamiklir. Í Chiapas-héraði ráða þeir yfir allri kaffiframleiðslunni, alveg eins og þeir gera það í Guatamala, sem liggar alveg að landamærum Chiapas. Um alt landið stjórnar þeir lyfjaversluninni, járvöruversluninni og yfirleitt öllum innflutningi. Á friðartínum gengu skip Hamborg-Ameríklínunnar milli VeraCruz, Tam-pico og Hamborgar.

Sum tímaritin fjandsamleg Bandamönnum.

Við þýsku sendisveitina hefir í mörg ár verið útbreiðslumálaráðunautur — en slikan



Panamaskurðurinn í Mið-Ameríku.

mann hefir þar engin önnur sendisveit. Hann hefir unnið af kappi. Flest tímaritin í Mexikó og sum dagblaðanna eru hlyntr Þjóðverjum. Meðal vikublaðanna má nefna eitt, sem er allveg nýtt og heitir **Timon** (stjórnvölkurinn). Ritstjóri þess er Jose Vasconcelos, sem bauð sig fram til forsetakosninganna 1930, en tapaði. Hann hefir lýst yfir því, að hann sé „gegn Engil-Sökum.“

Annað er það, sem hjálpað hefir Þjóðverjum — samningur Rússa og Þjóðverja. Allmargir þýskir flóttamenn, kommunistar og sósialistar, búa í Mexikó og unnu þeir áður gegn Hitler í félagi sem nefndist „Þýskt menningarfélag“. Nú logar þar alt i sundurþykkju. El Popular, blað Rússlandssinna, fær flestar fréttir sinar frá Berlin og Moskva og það hefir hætt öllum árásum á nasista, sem voru svo tiðar fyrir fáeinum mánuðum.

Frakkar eiga allmarga vini í Mexikó. Fréttamyndir af frönskum hermönnum eru vin-sælli en nokkrar aðrar. Flestir rithöfundar og listamenn í Mexikó telja Paris andlega höfuðborg latneskra manna. — Landsmenn urðu líka fyrir miklum frönskum áhrifum, þegar franskir hermenn vörðu krúnu Maximilans keisara og Carlottu drottingar.

Kommúnistaflokkurinn starfar af krafti.

Innrás Rússa í Finnland jón vinsældir Bandamanna. Prátt fyrir það hefir Rússland allmarga áhangendur. Kommúnistaflokkurinn í Mexikó hefir að visu aðeins 25 þús. skipulagsbundna meðlimi, en hann starfar af miklum krafti og meðlimir hans eru i mörgum áhrifastöðum.

Bretar munu hafa minsta hylli allra ófriðarþjóðanna. — Styrjöldin braust út á þeim tima, þegar vinátta var mjög litil milli Bretta og Mexikó-manna. Þegar Cardenas, forseti, gerði eignir dótturfélags Royal Dutch Shell-Mexican Eagle upptækur í mars 1938, urðu Bretar æfarreiðir og kröfðust þess, að þeir fengi þær aftur. Cardenas létt þær kröfur eins og vind um eyru þjóta.

Bretar fóru þá að brigsla Mexikómönnum um það, hversu seinir þeir væri að því, að standa við skuldbindingar sinar, en Mexikó svaraði með því að benda þeim á skuldri þeirra hjá Bandaríkjum. — Upp úr þessu var sendiherra

Einar Benediktsson.

Máttugi andi með eldinn í sál,
spámannlegan guðmóð og spekingsins mál.
Vígðu landsins tungu og vak yfir þjóð,
vegu hennar lýsi þín ódauglegu ljóð.
Stór var þinn heimur, á stórt þín hugði sál,
við sjörnulog sér undi og frumsólnabál.
Þinn tröllauknii hugur í hæð til guða kleif,
og himinleiðir allar til fjarstu miða sveif.

Voldugi hugur, og viðfeðma sál.
Kraftaskáldsins kyngi var kvæða þinna mál.
Enginn stærri fæddist hjá Eddunnar þjóð,
og aldrei kvað neinn sjáandi guðdómlegri ljóð.
Þinn andi sótti á brattann og miklar sýnir sá,
af sjónarhæðum skyndist um Gimlaveldin há,
en sá þar ekkert stærra, þótt sæi stórt og margt,
en „Sóleyjuna“ tignu með jöklaskrautið bjart.

Ættjörðin góða — ísland stóð hæst,
heimsins mikla undur, og hjarta þínu næst.
Hátignarfagur var himinn þíns lands,
á heiðum kvöldum sjást þaðan röðlar stíga dans.
Í mánagliti hrímklettar út við nyrsta ál
augum kristalls stara á norðurljósabál.
Þar leggur „ilm af steini“, er lognhljótt festir spor
á landið helgra sagna hið nóttausa vor.

Máttugi andi með eldinn í sál.
Ljóða þinna spaki er lífsins hávamál.
Þar opnir standa himnar og helgidómur hver,
um hugans víddir allar til fjarstu marka sér.

Hin dýptu rök og æðstu, sem dulmál hjartans á,
í dýrra hárta guðmáli kynslóðirnar sjá.
Sú ritning fyrnist alrei, sem innblásin er,
og alvíssmál skal nema hver lærivéinn hjá þér.

Skáldjöfur mikli, vér elskum þinn óð.
Dýrastan arf hinni íslensku þjóð,
sígildu spakmælin, sterkt eins og stál,
stuðlafríð sem björgin í landsins eigin sál,
vekjandi og heiðum sem vorsins mildi blær,
voldug eins og brimsog, er strendur landsins þvær.
Fossaniður heyrst í hrynjanda þess mál,
sem helgar vættir skópu á glóðum fórnarbáls.

Hvílist nú höndin — og hjartað er rótt,
sem gullið dýra hafði til guðanna sótt.
Fátæk verður alrei, þótt fámenn sé þjóð,
sem frægð hafa skapað hin dýrlegu ljóð.
Nú hefir þjóðin lagt í sinn helgasta reit
sitt höfuðskáld til hvíldar, — og sigurglöð það veit,
að alrei fæðist óþjóð á íslenskri jörð,
ef andi skáldsins mikla um Þingvöll heldur vörð.

Pétur Sigurðsson.


Mexiko í London kallaður heim og Bretar urðu þá að gera slikt hið sama. Ræðismannaskrifstofur eru þó enn opnar í báðum löndunum.

Til þess að gera teiknimyndina „Ferðir Gullivers“ þurfti að gera eina miljón teikninga Kvíkmyndahúsini í Ameríku taka tæplega $11\frac{1}{2}$ milj. áhorfenda Ef rigningin í norðvesturríkum Bandaríkjanna er 5 cm. undir meðallagi, munar það 200 milj. skef.

Skák

Franski leikurinn.

Hvitt: Aljechine. Svart: Feldt.
1. e4, e6; 2. d4, d5; 3. Rc3, Rf6;
4. pxp, Rxp; 5. Re4!, f5? (Petta er afleitur leikur, enda tapar svart skákinni á því hve lélegt vald hann hefir yfir reitnum e6 Gott var að leika 5. Be7 eða Rd7, en hinu síðarnefnda lék Nimzowitch á móti Aljechine í Kecskemet 1927); 6. Rg5! (Stysta leiðin til e5), Be7; 7. R5f3, c6; 8. Re5 (og þar verður hann fyrst um sinn!), o-o; 9. Rgf3, b6; 10. Bd3, Bb7; 11. o-o, He8; 12. c4, Rf6; 13. Bf4, Rbd7; 14. De2! (og hefir núilt í hyggju), c5 (svart sér ekki hættuna, sem skapast hefir við 14. leik hvíts, annars hefði hann sennilega reynt eitthvað annað, t. d. Rf8);



15. Rf7!! , KxR (Ef Dc8 þá 16. Dxe6 með hótuninni Rh6++ og Dg8+ og síðan Rf7mát, hið fræga „kæfingarmá“) 16. Dxe6!! (Ef KxD þá Rg5mát); 16. Kg6 (Ekki ... Kf8 vegna Rg5); 17. g4! Be4; (til þess að varna Bxf5, en ...) 18. Rh4 mát.

Skák þessi var tefldi í hermannasjúkrahúsini í Tarnopol árið 1916. Aljechine tefldi skákina blindandi. Hann var þá aðeins 24 ára gamall.

á hveitiuppskerunni Spörfugl hefir helmingi fleiri hálsliði en gíraffi í kínverska stafrófinu eru um 1100 mismunandi stafrir.

*

í strætisvagni.

Farþegi (fer út úr strætisvagni): Það er ópolandi hvað hafður er lítill vagn á þessari leið. Hann er altaf troðfullur.

Ekillinn: Höfðuð þér ekki sæti, herra minn?

F.: Jú, en konan mínn varð að standa alla leiðina.

* Undarlegur bjáni, þessi kennari, sagði Brynki litli, þegar hann kom heim úr skólanum í fyrsta sinn. — Hann sprýr mig og okkur krakkana um alla skapaða hluti

Trygðapanturinn.

Sögubrot eftir Manna.

Hann Eyþór var einn af þeim ungu mönnum, er láta hverjum degi nægja sína þjáning, og sjaldan bar hann miklar áhyggjur fyrir morgundeginum. — En hann var vinnusamur, röskur og iðinn, en ekki að sama skapi forsjáll um aflað fé. Ungir menn vilja líka njóta skemtilegra stunda. Skála við fagrar konur, og kynast æfintýrum næturinnar — þó það kosti peninga.

Við Eyþór vorum oft saman, og á laugardagskvöldin drukkum við stundum portvín og „landa“, því annað var ekki að fá í þá daga. Samvera okkar endaði þá oftast á dansleik i „Iðnó“, því Eyþóri þótti gaman að dansa, enda dansaði hann ágætlega, ef ekki var of mikið í kollinum.

Það var á dansleik, að hann kyntist henni Gunnfriði. Hún var þá í vist í finu húsi i „míljónahverfinu“. Gunnfriður var eldri en Eyþór. Myndarleg stúlka, en ekki smáfríð, og rauðhærð.

*
Það var eitt laugardagskvöld, löngu eftir að Eyþór hafði hafnað í hjónabandinu. Eg var einn heima. Dyrabjöllunni er hringt og Eyþór stóð í dyrunum.

Hann var nokkuð ölvadur, og er hann kom inn í stofuna, tók hann nærrí tóma flösku af „Svartadaða“ upp úr vásanum.

„Mig vantar meira,“ sagði hann og teygði úr flöskunni. „Lánaðu mér fimm krónur.“

Svo að það var erindið. — Eg var þá eins og oftar auralitill. Þó hafði eg stundum lánað Eyþóri nokkrar krónur og hann var skilsamur, eftir því sem getan leyfði. En síðan að hann giftist, var mér orðið ver við það, að lána honum peninga, ef eg vissi, að þeir áttu að fara fyrir áfengi.

Eg neitaði því, að verða við bón hans. Honum likaði það miður og marg bað mig að lána sér. Að lokum dró hann lindarpenna upp úr vestisvasanum og sagði:

„Þú getur haft þennan sem „pant“. Hann er tuttugu og átta króna virði. Afmælisgjöf frá konunni.“

Án þess að eg girntist pennan, létt eg að vilja hans og lánaði honum fimm krónur.

Það leið langur tími og oft sá

eg Eyþór, en ekki gat hann leyst út pennann. Hann hafði líka litla vinnu um þær mundir. Heimilið hafði sin útgjöld og svo var altaf einhverju fórná „Bakkusi“.

Eitt sunnudagskvöld fór eg heim til Eyþórs. Hann var ekki heima, en konan beið með matinn á eldhúsborðinu. Mér virtist hún óvenjulega raunaleg og andlitið duldi ekki kviða og erfidleika.

Eg spurði um Eyþór.

Konan hristi höfuðið. „Hann unir sér víst betur annarsstaðar en heima.“

Eg tók upp lindarpennan.

„Pennan penna á víst Eyþór. Penninn hefir legið hjá mér nokkuð lengi, en líklegast verður Eyþór aldrei svo efnun búinn, að geta leyst hann út.“

„Eg skil ekki,“ sagði Gunnfriður. „Og þetta er sami penninn, sem Eyþór tapaði í veturn. Og sárt hefir hann saknað hans, því penninn er fyrsta gjöfin, sem Eyþór fékk frá mér.“

Vist hafði eg sagt of mikið, því Eyþór hafði sagt konunni ósatt um hvarf pennans. Mér datt því i hug, að bæta fyrir frumhlaup mitt og lálast hafa fundið pennann. En Gunnfriður

hafði skilið. Og það var ekki laust við, að henni vöknadi um augu, er hún sagði, að þetta væri ekki í fyrsta né síðasta sinni, er Eyþór segði sér ósatt.

Um leið og eg afhenti pennan, sagði eg Gunnfriði frá því, hvernig hann væri til min kominn.

Eg fór án þess að sjá Eyþór.

— En nokkrum dögum síðar kom hann heim til mínu.

„Það var afmælið mitt í gær,“ sagði hann, „og konan færði mér afmælisgjöf. Sömu afmælisgjöfina, sem hún gaf mér fyrir fimm árum, lindarpennan. Hann átti þá að verða trygðapantur. En eg létt hann í „pant“ fyrir hálfri flösku af brennivini. — En nú er alt fyrirgefið og i gær fann eg aftur það, sem tapað var — ekki einungis pennann — heldur ást og umhyggju góðrar konur.“

Og áður en Eyþór fór rétti hann mér brosandi fimm krónur. —

Ár er liðið. — Eyþór hefi eg aldrei séð drukkinn. Eg er líka orðinn sannfærður um það, að nú elskar hann konuna meira en flöskuna, og lindarpennan skilur hann aldrei við sig.

GAT EKKI GREITT FARMÍÐANN.


Árið 1904 varð sprenging í amerísku herskipi, en einn sjóliðanna, Monsen að nafni, gat sér dæmafáa frægð fyrir fífldjarfar björgunaraðgerðir, þar sem hann lagði líf sitt hvað eftir annað í haettu. Fyrir skömmu ákvað flotastjórn Bandaríkjanna, að biðja ekkju Monsen's að gefa nýju herskipi þeirra nafn. Kom þá í ljós að ekkjan var svo fátæk, að hún átti ekki fyrir farmiðanum til skipasmíðastöðvarinnar. Sendi flotastjórnin þá eftir henni einkaflygvél, og tók jafnframt ákvörðun um að sjá henni farborða það sem eftir væri aefinnar.

OF MIKIÐ Í EINU.

Vesalings kvænti maðurinn borðaði súpana sina eins og hann var vanur, en súpan var hræðilega sölt og hann gretti sig ámatlega í hvert skifti sem hann kyngdi. „Súpan er altof sölt, Selma,“ sagði maðurinn í angist sinni.

En Selma var nú ekki alveg á því. „Salt er holt!“ sagði hún. „Eg hef lesið, að maður aðtti að borða átta pund af salti á ári, til að halda góðri heilsu.“

„Það má vel vera,“ stundi maðurinn upp, „en mér þykir það nú samt sem áður of mikið að fá það alt i einum einasta súpudisk.“



Nýtt sprengiefni. — Myndin er tekin, um leið og 200 grómm af nýju rennandi sprengiefni, Glmiti, bútar sí mastaur í sundur.

8.

SÍÐAN

VITIÐ PÉR

— að i New York einni eru til fleiri talsimar, en i London, París, Berlin, Madrid og Róm til samans?

— að þar eru 2000 leikhús og kvíkmyndahús og 1500 kirkjur?

— að þar fer fram hjónavigsla 13. hverja minútu en barnsfæðing er þar 6. hverja minútu?

— að 10. hverja minútu er þar stofnað nýtt fyrirtæki og 51. hverja minútu er lokið við smiði á nýju húsi?

— að 14.000 manns starfar við stærstu verslun borgarinnar

— Woolworth-verslunina, og að hún er 60 hæða há?

— að böðullinn í New York riki fær 150 dollara fyrir hvert lifflát, sem hann framkvæmir?

— að Valentian keisari léti byggja Maginot-viglinu árið 369 meðfram endilangri Rin til varnar innrás Germana?

— að árið 1847 gaf paschann í Damaskus út lög þess efnis, að skera bæri nefið af hverri þeirri konu, er yfirlæfi hús sitt án sérstakra ástæðna, eða léti sjá sig með óhulið andlit?

Megrunarmeðal.

Minna var feit en langaði til að verða grónn og falleg í vexti. Hún reyndi allar megrunaraðferðir og mergunarmeðöl, sem henni kom til hugar, en ekkert dugði. Þá fór hún til læknis og spurði hvort hann yissi ekki um einhverjar þær hreyfingar, sem gætu haft af henni fituna.

„Jú“, læknirinn vissi það.

„Hvaða hreyfing er það?“ spurði hún áfjáð.

„Að hrista höfuðið þegar yður er boðinn matur.“

Ljónaveiðar.

Marius fór að heimsækja kunningja sinn til Afriku. Hann sagði honum frá veiðiferðum sínum og léti mikið af skotfimi sinni.

Eitt sinn, er þeir höfðu matast, bað Marius vin sinn að lána sér byssu og skotfæri, sig langaði eitthvað á veiðar.

„En varaðu þig“, sagði vinur hans, „því það eru ljón herna á hverju strái.“

„Það er nú einmitt þess vegna, sem eg bið um byssuna“, svaraði Marius djarflega, „innan stundar skal eg vera kominn með ljón.“

Áður en stundarfjörðungur var liðinn kom Marius hlaupandi eins og fætur togðu, en byssulaus og berhofðaður.

„Lokið þið dyrunum! Fljótt! Fljótt!“ hrópaði hann í angist sinni, klifraði upp í næsta tré og kallaði niður til fólkssins:

„Eg kom með það lifandi!!!“

Hármeðal.

Fyrir 3500 árum notuðu Austurlandabúar hármeðal við hárlosi og skalla. Meðalið var búið til úr feiti úr ljónum, flóðhestum, krókódilum, köttum, slöngum og steingeitum. Feitin var soðin saman og borin á skallann. Þar á eftir voru muldar asnatennur, blandaðar hunangi borið á hörundið.

Petta þótti afbragðs meðal.

Andlitspúður þeirra tíma var búið til úr kalki og blihvítu.

SUMARLEYFI.

Starfsmaðurinn bað um sumarleyfi. Hann kvaðst þurfa þess til að ganga í heilagt hjónaband. Hann fékk umbeðið sumarleyfi, en kom ekki aftur fyr en eftir fjóra mánuði á skrifstofuna. Þá var forstjórinn orðinn reiður.

„Hvernig stendur á því,“ öskraði hann, „að þér komið ekki fyr en eftir fjóra mánuði til vinnunnar aftur? Purftuð þér allan þenna tíma til að kvongast?“

„Nei, ekki var það nú,“ svaraði starfsmaðurinn, „en eg fann bara ekki neina stúlku, sem vildi giftast mér fyr en eftir nærrí fjóra mánuði.“

MISSKILNINGUR.

Eftirfarandi atvik gerðist í stórrri verslunarhöll í París:

Eftirlitsmaður einnar deildarinnar kvartaði undan því við forstjórann hvað sumt af starfsfólkini væri trassafengið og áleit það standa til bóta, ef forstjórinn hefði meiri gætur á því en áður. Best væri ef hann gæfi því almennilega ráðningu viðtækifæri.

Forstjórinn fer niður í verslunarsalina og sér að það er lítið að gera. Hann kemst strax í ilt skap og hefir alt á hornum sér. Stúlkunum í ilmvatnadeildinni skipar hann að klæða sig öðruvisi, klæðnaður þeirra sé ósmekklegur, stúlkunum í leðurvörudeildinni skipar hann að



HÖFNIN í MONTEVIDEO.

Vikuna sem „Graf von Spee“ var sökt, var sýnd kvíkmynd á einu kvíkmyndahúsini í Montevideo sem hét „Non Abandon el Buque“, sem á íslensku lýðir: „Yfirgefið ekki skipið!“ — Myndin var ekki sýnd í tilefni af atburðinum er gerðist í sambandi við „Graf von Spee“, heldur var byrjað að sýna hana áður en skipið kom þangað.

hafa meiri reglu á hlutunum en þær hafa o. s. frv. Þannig gengur forstjórinn deild úr deild og hvarvetna finnur hann eitthvað athugavert. Hann er stoltur af sjálfum sér og hæfileikanum að uppgötva misbresti í starfi eða framkomu starfsfólkssins.

Loks kemur forstjórinn inn í leðurvörudeildina. Þegar hann kemur inn, sér hann mann í vinnubúningi sitja í leðurstól, stól sem kostaði 504 krónur og 90 aura. Og svo ósvífinn var starfsmaðurinn, að hann reykти vindling. Þetta var það svívirðilegasta sem forstjórinn hafði nokkuru sinni getað látið sig dreyma um. Þarna fékk reiði hans útrás, því þessum manni skyldi hann segja til syndanna svo um munaði.

„Pannig notið þér tímann!“ öskraði forstjórinn upp í eyrun á aumingja manninum, er einskis illa vænti — og augun skutu eldingum.

„Og halduði þér máske, að eg láti þetta viðgangast til lengdar? Slókkvið þér i vindlingnum og það strax.“

Maðurinn gerði sem honum var skipað.

„Nei, vinur minn, eg skal koma yður í skilning um, að þetta liferni yðar er hérmeð á enda. Eg er búinn að fá nóg af því. Skiljið þér! Nóg, segi eg. Hvað heitið þér?“

„Aristide Deveau, 39 ára að aldri.“

„Mig varðar ekkert um hvað gamlið þér eruð. Hvað á þetta ósvífna háðsglott að þýða? Biðið þér á meðan eg skrifa gjaldkeranum skipunum um að borga yður vikuupið yðar. — — — Hvað fáið þér á viku?“

„125 krónur,“ svaraði maðurinn.

„Hérna, Deveau, farið þér með miðann til gjaldkerans og fáið hjá honum 125 krónur. Farið þið svo burtu héðan og komið aldrei í mína augsýn framar.“

Deveau léti ekki segja sér þetta tvísvar. Hann fór til gjaldkerans, fékk honum miðann frá forstjóranum og fékk 125 krónur í staðinn.

Örfáum minútum seinni stóð forstjórinn við gluggann á skrifstofunni sinni og horfði út á götuna. Þá kemur hann auga á Deveau ganga framhjá, rólegan og reykjandi rétt eins og ekkert hefði í skorist. Forstjórinn fékk alt í einu samviskubit af framkomu sinni; hann kallaði á Deveau og bað hann að tala við sig.

„Deveau! Eg hefi rekið yður á dyr. Það var réttur minn. En til að eyðileggja ekki framtíð yðar með öllu, er eg fús til að gefa yður meðmæli.“

Deveau varð allur að einu spurningarmerki. „Til hvers, meðmæli?“ spurði hann.

„Til þess að þér fáið atvinnu aftur.“

„Eg hef atvinnu, þakka yður fyrir, og þarf ekki meðmæli. Eg ætlaði að kaupa leðurstól í versluninni yðar, og settist í þann, sem mér leist best á, meðan að afgreiðslumaðurinn fór að leita eftir öðrum. Þér vitið, hvernig fór. Eg er að hugsa um að kaúpa mér stól annarsstaðar, en annars er eg yður þakk-láttur fyrir peningana.“ — Og Deveau kvaddi og fór leiðar sinnar.